

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, þriðjudaginn 5. júlí 2016, í máli nr. E-2225/2015:

Lánasjóður íslenskra námsmanna

(*Sigurbjörn Ársæll Þorbergsson hrl.*)

gegn

Y

(*Óskar Sigurðsson hrl.*)

Þetta mál, sem var tekið til dóms 31. maí 2016, er höfðað af Lánasjóði íslenskra námsmanna, kt. 710169-0989, Borgartúni 21, Reykjavík, með stefnu birtri 22. maí 2015 á hendur Y.

Stefnandi krefst þess að dómurinn viðurkenni að rofin sé fyrning þeirrar kröfu sem stefnandi eigi á hendur stefnda samkvæmt skuldabréfi nr. G-001651, útgefnu 15. júní 2005, upphaflega að fjárhæð 3.724.251 kr.

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda að viðbættum virðisauka skatti á málflutningsþóknun.

Stefndi krefst sýknu af kröfu stefnanda.

Hann krefst jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnanda að viðbættum virðis aukaskatti.

Málsatvik

Orsök ágreiningsins, 2. og 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991, sbr. lög 142/2010

Þetta mál snýst um túlkun 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Í 2. mgr. 165. gr. var mælt fyrir um hver yrðu afdrif krafna sem ekki greiddust við gjaldþrotaskipti. Fram til 29. desember 2010 hljóðaði 2. mgr. 165. gr. laganna þannig:

Protamaðurinn ber ábyrgð á skuldum sínum sem fást ekki greiddar við gjald þrotaskiptin. Ef kröfu hefur verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við þau er fyrningu hennar slitið gagnvart þrotamanninum og byrjar nýr fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptunum er lokið, ef krafan var viðurkennd, en ella á þeim degi sem kröfunni var lýst.

Samkvæmt þessu rufu gjaldþrotaskipti fyrningu kröfu og þá hófst nýr fyrningarfrestur sem gat verið 4, 10 eða 20 ár eftir eðli hvernar kröfu, sbr. lög nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, og lög nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda.

Með lögum nr. 142/2010 var 165. gr. breytt og við hana bætt þriðju máls greininni. Ákvæði 2. og 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 hljóða nú svo:

Protamaðurinn ber ábyrgð á skuldum sínum sem fást ekki greiddar við gjaldprotaskiptin. Hafi kröfu verið lýst við gjaldprotaskiptin og ekki fengist greidd við þau er fyrningu slitið gagnvart þrotamanninum og byrjar þá nýr tveggja ára fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptunum er lokið. Þótt kröfu hafi ekki verið lýst við skiptin gildir þessi sami fyrningarfrestur um hana, enda fyrnist hún ekki á skemmri tíma.

Fyrningu krafna sem um ræðir í 2. mgr. verður aðeins slitið á ný með því að kröfuhafi höfði innan fyrningarfrests mál á hendur þrotamanninum og fái þar dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum gagnvart honum. Slíka viðurkenningu skal því aðeins veita með dómi að kröfuhafi sýni fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta aftur fyrningu, svo og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma, en að gengnum slíkum dómi gilda almennar reglur um fyrningu hennar. Hafi kröfuhafi fengið tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni í eign þrotamannsins áður en frestur skv. 2. mgr. var á enda fyrnist krafa hans þó ekki að því leyti sem fullnusta fæst á henni á síðari stigum vegna þeirra tryggingarréttinda.

Í þessari lagabreytingu felst að þegar bú einstaklings hefur verið tekið til gjaldprotaskipta styttist fyrningarfrestur allra krafna sem ekki fást greiddar við skiptin og verður tvö ár, burtséð frá því hversu langur hann var fyrir skiptin. Því til viðbótar kemur að kröfuhafi getur ekki rofið fyrningu kröfu sinnar nema dómstóll samþykki það með dómi. Áður nægði kröfuhafa að höfða mál með birtingu stefnu, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1905 og 15. gr. laga nr. 150/2007.

Ofan á þetta bætist að dómari má einungis viðurkenna slit fyrningar að kröfuhafi sýni fram á sérstaka hagsmuni af því að rjúfa fyrningu kröfu sinnar svo og að telja megi líkur á því að hann fái fullnustu hennar á nýjum fyrningartíma. Við urkenni dómstóll að tveggja ára fyrningin sé rofin, verður nýr fyrningartími sá sem hann var í upphafi, fyrir gjaldprotaskiptin, 4, 10 eða 20 ár.

Stefndi tók námslán árin 1999-2002 og hóf endurgreiðslu árið 2005. Bú hans var tekið til gjaldprotaskipta 6. febrúar 2013. Þá var lánið ekki að fullu greitt en við skiptalok, 31. maí 2013, hófst fyrning þeirrar kröfu sem stefnandi eignaðist á hendur stefnda þegar hann veitti honum lánið og fékkst ekki greidd við gjaldprotaskiptin.

Álitaefnið er því hvort stefnandi, Lánasjóður íslenskra námsmanna, uppfylli það skilyrði sem 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 setur fyrir því að rjúfa megi fyrningu kröfu hans á hendur stefnda.

Stefnandi og þau lán sem hann veitir

Allt fram til 1952 þurftu þeir sem vildu stunda framhaldsnám að finna sjálfir leiðir til að kosta það. Þeir gátu þó sótt um styrk skv. lögum nr. 35/1925 væru þeir við nám í erlendum háskólum. Í janúar 1952 voru sett lög nr. 5/1952, um

lánasjóð stúdenta, en með lögum nr. 52/1961 var Lánasjóður íslenskra námsmanna stofnaður. Endurbætur voru gerðar á þeim lögum með lögum nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki. Enn á ný voru löginn bætt með lögum nr. 57/1976 með sama nafni svo og lögum nr. 72/1982.

Lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna tóku gildi 29. maí 1992. Það er hlutverk sjóðsins að tryggja þeim sem falla undir löginn tækifæri til náms án tillits til efnahags, sbr. 1. gr. Sjóðnum ber að veita hverjum þeim sem stundar lánshæft nám lán til að standa straum af námi og framfærslu á námstímanum að teknu tilliti til stærðar fjölskyldu námsmannsins.

Frá og með 31. júlí 2009, við gildistöku laga nr. 78/2009, hefur sjóðurinn ekki krafist lántaka um ábyrgðarmenn nema lántaki sé á vanskilaskrá þegar hann sækir um námslánið, sbr. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 21/1992.

Ríkissjóður leggur stefnanda til 47% af útlánum hvers árs en að öðru leyti tekur stefnandi lán á frjálsum markaði til þess að geta veitt lán öllum þeim námsmönnum sem um það sækja. Vextir sem sjóðurinn þarf að greiða eru misháir eftir markaðsaðstæðum og geta verið á bilinu 4-6% en meðalvextir af öllu lánasafninu munu vera eitthvað lægri. Þau lán sem sjóðurinn veitir bera hins vegar einungis 1% vexti, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011 um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Lánin eru því niðurgreidd enda er 47% framlag ríkissjóðs nýtt til að mæta hagstæðum vaxtakjörum og afföllum á ævitíma lánasafnsins. Í lánunum felst því opinber aðstoð við að standa straum af framfærslu og kostnaði við námið á meðan á því stendur.

Þótt vextir af námslánum séu niðurgreiddir eru lánin verðtryggð og tengd vísitölu neysliverðs, sbr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Afborganir sem sjóðurinn fær af lánasafninu nýtir hann til að endurgreiða þau lán sem hann hefur tekið.

Námsmenn sem fá lán hjá sjóðnum undirrita skuldabréf við lántöku til viðurkenningar á teknum lánum, sbr. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 21/1992 og 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Fjárhæð námslána er færð á skuldabréf að námi loknu. Endurgreiðsla námslána hefst tveimur árum eftir námslok, sbr. 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992.

Afborgun af lánum frá sjóðnum er algerlega óháð fjárhæð lánsins. Afborgunin er hins vegar tengd tekjum lántaka þannig að þeir þurfa einungis að endurgreiða jafnvirði 3,75% af tekjum sínum á hverju ári. Gjald dagar eru tveir: 1. mars er greidd föst afborgun og 1. september er greidd sú fjárhæð sem eftir stendur til þess að endurgreiðsla ársins samsvari 3,75% af tekjum næstliðins árs. Greiðslum hvors gjalddaga um sig má ætíð dreifa á sex mánuði.

Lendi greiðendur í vanskilum er sjóðurinn á öllum stigum innheimtu, hvort heldur er við upphaf vanskila, þegar krafan er komin í milliinnheimtu eða löginn heimtu, reiðubúinn að semja við greiðanda um leiðir til að koma endurgreiðslum í skil. Stefnandi býður lántökum sem hafa lent í vanskilum upp á vanskilaskuldabréf

sem eru að jafnaði til tíu ára. Reynist afborganir af vanskilum lántaka mjög íþyngjandi er hægt að fá skuldabréf sem endurgreiðist á lengri tíma.

Þegar sérstaklega stendur á, ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum greiðanda, er jafnframt hægt að fá undanþágur frá því að greiða af námsláni, sbr. 6. mgr. 8. gr. laga nr. 21/1992. Sækja þarf um undanþágu fyrir báða föstu gjald dagana. Sá sem sækir um og uppfyllir hlutlæg, skráð skilyrði á rétt á undanþágu.

Það er markmið sjóðsins með margvíslegum úrræðum að gefa greiðendum sem ríkastan kost á því að koma lánnum sínum í skil og vera í skilum við sjóðinn. Því skiptir ekki máli þótt lán hafi verið gjaldfelld vegna gjaldþrotaskipta. Sé fyrning rofin er skuldara gefinn kostur á að koma láni í skil og síðan hefjast eðlilegar endurgreiðslur að nýju.

Hafi námsmaður tekið mjög hátt lán kann endurgreiðslutíminn að vera mjög langur. Hins vegar falla eftirstöðvar lánsins niður andist lántaki áður en hann hefur endurgreitt allan höfuðstól lánsins, sbr. 4. mgr. 9. gr.

Samkvæmt svari stefnanda, 12. maí 2005, við fyrirspurnum nefndasviðs Alþingis voru þá tæplega 73.000 námslán ógreidd. Tæplega 53.700 voru svonefnd lokuð lán, þar sem námi var lokið og endurgreiðsla hafin. Tæplega 19.300 lán voru enn opin sem þýðir að námsmenn voru enn í námi og endurgreiðsla ekki hafin.

Samkvæmt ársskýrslu stefnanda fyrir árið 2015 óskuðu 47 lánþegar skipta á búi sínu árið 2012. Árið 2013 voru þeir 84, árið 2014 105 og 2015 óskuðu 134 lán þegar skipta á búi sínu. Stefnandi áætla að á tveimur árum hverfi milljarður úr kröfusafni hans af þessu sökum verði fyrning krafanna ekki rofin.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, fyrnist krafa um endurgreiðslu námslána á 10 árum en vextir af þeim fyrnast þó á fjórum árum, sbr. 3. gr. laganna. Hver krafa um afborgun af láninu fyrnist því á tíu árum.

Stefndi og gjaldþrotaskiptin

Stefndi Y hafði lært pípulagnir og unnið við það fag. Hann vildi skipta um starfsvettvang og fór í nám í byggingafræði við U-skóla í Danmörku. Því lauk hann 20. desember 2002. Hann sótti um námslán hjá stefnanda á árunum 1999-2002 vegna þessa náms. Til viðurkenningar á því að hann hefði tekið lánið ritaði hann undir skuldabréf nr. R-027618 í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Hann greiddi fyrstu afborgun af skuldabréfinu 1. mars 2005 í samræmi við 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992.

Skuldabréfi nr. R-027618 var skuldbreytt 15. júní 2005 í skuldabréf nr. G-001651, að fjárhæð 3.724.251 kr. Það sem ávannst við að breyta R-láninu í G-lán var að afborganir af því lækkuðu um 1%. Endurgreiðsla af R-lánnum nemur 4,75% af tekjum en endurgreiðsla af G-lánnum nemur 3,75% af tekjum.

Fyrsti gjaldagi greiðslu af skuldabréfi vegna námsláns nr. G-001651 var 1. september 2005. Stefndi greiddi réttilega af láninu árin 2006-2010, 3,75% af tekjum sínum, og lenti aldrei í vanskilum.

Stefnandi starfaði hjá byggingadeild A-bæjar en missti þá vinnu árið 2010. Starf stefnda var lagt niður og hafði hann í kjölfarið enga fasta atvinnu. Til þess rekur hann fjárhagserfiðleika sína. Stefndi fór til Noregs en snéri aftur að liðnum sex mánuðum. Hann bar fyrir dómi að hann hefði verið í íhlaupavinnu við pípulagnir árin 2010, 2011 og 2012.

Umboðsmaður skuldara auglýsti í Lögbirtingablaðinu 21. desember 2010 að embættið hefði tekið við umsókn stefnda um greiðsluaðlögun einstaklinga. Þá hófst tímabundin frestun greiðslna hjá stefnda, greiðsluskjól, skv. lögum nr. 128/2010, um breytingar á lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga. Rúmu ári síðar, 11. janúar 2012, komst á samningur um greiðsluaðlögun stefnda. Sá samningur var tekinn upp þar eð í fyrri samningi hafði ekki verið tekið tillit til líf eyrissjóðsláns sem nam tæpum 10.000.000 kr. og inneignar á vörslureikningi stefnda.

Nýr samningur um greiðsluaðlögun komst á 24. febrúar 2012. Greiðsluaðlögunartímabilið var tvö ár. Í lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, eru tilteknar kröfur undanþegnar greiðsluaðlögun, námslán þeirra á meðal, sbr. j-lið 3. gr. Af þeim eru hvorki greiddar afborganir né vanskilavextir á greiðsluaðlögunar tímanum. Stefndi hefði því ekki átt að greiða aftur af námsláni sínu fyrr en á gjalddaga 1. mars 2014.

Í samningi stefnda um greiðsluaðlögun var gert ráð fyrir að hann hefði 200.000 kr. í tekjur. Hann átti á þessum tíma 50 ha jörð í F-sveit. Á henni stóð 120 fm hús og fasteignamat jarðar og lóðar var 34.000.000 kr. Að teknu tilliti til framfærslu stefnda var talið að hann gæti greitt kröfuhöfum sínum 50.000 kr. á mánuði.

Lán frá Arion banka sem var tryggt með veði í fasteigninni í F-sveit nam 13.490.506 kr. Á stefnda hvíldu margvíslegar samningskröfur og var ein þeirra, líf eyrissjóðslánið, tryggt með veði í fasteign eiginkonu hans. Hann hafði einnig tekið á sig ábyrgð á námslánum þriggja skuldara.

Með greiðsluaðlögunarsamningnum voru allar þessar samningskröfur felldar niður þegar við gildistöku samningsins 24. febrúar 2012. Stefndi hélt áfram að greiða af fasteignaveðláni við Arion banka, 50.000 kr. á mánuði, enda var það talin greiðslugeta hans og hann bjó í húsnæðinu sem sett var að veði til tryggingar láninu.

Í maí 2012 höfðu stefndi og eiginkona hans gengið frá lögskilnaði sínum. Þá kom eignin í Hvalfirði í hlut konunnar. Í lok ágúst tók hún yfir fasteignaskuldina

við Arion banka sem hvíldi á þeirri eign og stefndi hafði áður greitt 50.000 kr. á mánuði af samkvæmt skilmálum greiðsluaðlögunarsamningsins.

Tæpum tíu mánuðum eftir að samningur til greiðsluaðlögunar komst á og allar samningsskuldir stefnda voru felldar niður og fjórum mánuðum eftir að fyrrum eiginkona hans tók yfir greiðslu fasteignaveðslánsins, 19. desember 2012, lagði stefndi fram í Héraðsdómi U kröfu um að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Í beiðninni kvaðst hann skulda bæði Arion banka, Borgun, TM og LÍN. Með greiðsluaðlögunarsamningnum og skuldaraskiptum á fasteignaveðláninu átti hann þó að vera laus undan öllum skuldbindingum öðrum en námsláninu.

Í beiðninni tekur stefndi fram að þar eð fyrrverandi eiginkona hans hafi tekið yfir fasteignaveðlánið við Arion banka ásamt með eigninni sem sett var því til tryggingar hafi Arion banki óskað eftir því að samningnum um greiðsluaðlögun yrði breytt en umboðsmaður skuldara hafi hafnað því að breyta greiðsluaðlögunarsamningnum. Þessi gögn hafa ekki verið lögð fram. Með því að afsala eiginkonu sinni því húsnæði sem hann bjó í þurfti stefndi að finna annað húsnæði og greiða af því leigu. Þar eð 50.000 kr. afborgunin af fasteignaveðláninu var ígildi leigu var leiga ekki tilgreind sem hluti af framfærslukostnaði stefnda. Sá leigukostnaður sem þarna bættist við kann að skýra hvers vegna umboðsmaður skuldara taldi stefnda ekki geta greitt Arion banka af öðrum lánnum þótt hann væri hættur að greiða af fasteignaveðláninu eftir að fyrrverandi eiginkona hans tók við því láni.

Þegar stefnandi óskaði skipta á búi sínu var hann, eins og áður segir, í skilum með námslánið og bar ekki að greiða af því fyrr en 1. mars 2014.

Héraðsdómur U tók bú stefnda til gjaldþrotaskipta með úrskurði 6. febrúar 2013. Í úrskurðinum segir: Samkvæmt beiðninni er skuldari atvinnulaus og eign laus en skuldar samkvæmt gögnum málsins rúmar 7 milljónir.

Við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta falla allar kröfur á hendur þrotabúi sjálfkrafa í gjalddaga án tillits til þess sem áður kann að hafa verið umsamið eða ákveðið með öðrum hætti, sbr. 99. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Af þessum sökum féll námslán stefnda í gjalddaga 6. febrúar 2013. Stefnandi lýsti kröfu vegna námslánsins í þrotabú stefnda. Skiptum á þrotabúinu lauk 31. maí 2013 án þess að nokkuð fengist upp í lýstar kröfur.

Samkvæmt skattframtali námu heildartekjur stefnda árið 2013, 4.275.792 kr. eða 356.316 kr. á mánuði. Meðal tilgreindra skulda í framtalinu er skuld við Arion banka, sem hefði þó samkvæmt greiðsluaðlögunarsamningnum átt að vera fallin niður.

Stefnandi hóf störf hjá B-byggð 1. maí 2014. Samkvæmt skattframtali námu heildarárslaun hans árið 2014, 5.749.441 kr. eða 479.120. kr. á mánuði. Meðal til greindra skulda er ekki lengur skuldin við Arion banka, eingöngu námslán og þing- og sveitarsjóðsgjöld.

Heildarárslaun stefnda 2015 námu 8.218.4000 kr. samkvæmt skattframtali eða 684.866 kr. á mánuði. Stefna þessa máls var, eins og áður segir, birt 22. maí 2015.

Stefnda var tilkynnt með bréfi 8. febrúar 2016 að starf hans hjá B-byggð yrði lagt niður því breyta ætti skipuriti og verkefnum starfssviða. Uppsagnarfrestur var þrjú mánuðir, talinn frá 1. mars. Honum var jafnframt boðið starf á nýju sviði frá og með 1. júní sl. Stefndi vildi ekki þiggja þetta nýja starf því hann taldi að í því fælist of mikið líkamlegt álag og útvinnna sem hann gæti ekki lengur lagt á sig. Það hafði fengið á hann að missa vinnuna og var hann því í veikindaleyfi frá 15. apríl sl. Við aðalmeðferð málsins 31. maí sl. hafði hann ekki fengið annað starf.

Með áritun á skuldabréf nr. G-001651 tók sonur stefnda, F, að sér sjálfskuldarábyrgð til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á höfuðstól lánsins. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 25. mars 2013 var bú F tekið til gjaldþrotaskipta.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. G-001651 skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við skilmála í skuldabréfinu sjálfu og fyrirmæli laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Námslán stefnda hafi fallið í gjalddaga við úrskurð héraðsdóms 6. febrúar 2013 um töku bús hans til gjaldþrotaskipta, sbr. 99. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt 2. mgr. 165. gr. sömu laga hefjist nýr fyrningarfrestur á kröfum á hendur þrota manni á þeim degi sem skiptunum er lokið, hvort sem kröfu er lýst við gjaldþrota skiptin eða ekki, svo framarlega sem vanlýst krafa fyrnist ekki á skemmri tíma. Nýr fyrningarfrestur kröfu stefnanda hafi því hafist 31. maí 2013, þann dag sem skiptum á þrotabúi stefnda lauk.

Stefnandi byggir þá kröfu sína að slit fyrningar verði viðurkennd á því að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að fá fyrningunni slitið. Sérstaða stefnanda felist í því hlutverki hans að veita námsmönnum námslán og allir námsmenn sem upp fylla skilyrði laga nr. 21/1992, sbr. reglugerð nr. 478/2011, fyrir því að fá námslán eigi rétt á námslánum í samræmi við markmið og tilgang stefnanda.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sé það hlutverk sjóðsins að tryggja þeim sem falla undir löginn tækifæri til náms án tillits til efnahags. Í 1. mgr. 3. gr. laganna segi að miða skuli við að lán, sem falla undir ákvæði laganna, nægi hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur að teknu tilliti til fjölskyldustærðar hans, sbr. einnig 12. gr. laganna. Í 3. mgr. 7. gr. segi að lánstími sé ótilgreindur en greitt skuli af námsláni skv. 8. gr. þar til skuldin sé að fullu greidd. Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. skuli endurgreiðsla námslána hefjast tveimur árum eftir námslok. Þá segi í 5. mgr. 7. gr. laganna að vextir skuli vera breytilegir, en þó aldrei hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, og reiknist þeir frá námslokum. Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011, beri námslán auk verðtryggingar 1% ársvexti sem leggist á verðtryggðan höfuðstól.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 21/1992 ákvarðist árleg endurgreiðsla lánanna í tvennu lagi. Annars vegar föst greiðsla óháð tekjum og hins vegar viðbótargreiðsla sem miðast við ákveðinn hundraðshluta tekjuársins á undan endurgreiðsluári, sbr. 10. gr. laganna.

Í íslenskri löggjöf séu þess víða merki að kröfur stefnanda séu taldar sérstaks eðlis og að baki því liggi sérstakir og ríkir almannahagsmunir. Stefnandi vísar til þess að lán hans eru undanþegin lögum um neytendalán, sbr. j-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, sbr. áður c-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 121/1994. Stefnandi vísar einnig til þess að lán hans eru undanþegin lögum um greiðslu aðlögun, sbr. g- og h-lið 3. gr. laga nr. 101/2010. Að baki þessum sérstöku íviln unum í garð stefnanda séu þau rök að kröfusafn hans byggist á ríkum almannahagsmunum, því endurgreiðsla námslána standi að verulegu leyti undir fjármögnun nýrra lánveitinga. Markmið lánanna sé að jafna aðstöðu til náms. Þau séu veitt á niðurgreiddum kjörum og ekki á viðskiptalegum forsendum. Þá séu endurgreiðslukjör þeirra óvenjuhagstæð þar eð þau taka að mestu mið af tekjum lán þegans. Enn fremur sé stefnanda heimilt að veita undanþágur frá árlegum endurgreiðslum vegna sérstakra aðstæðna hjá lánþega sem taldar eru upp í 6. mgr. 8. gr. laga nr. 21/1992, sbr. 12. og 13. gr. reglugerðar nr. 478/2011.

Kröfur stefnanda séu einkaréttarlegs eðlis og byggjast á skilyrðislausu loforði skuldarans um að endurgreiða lánið á tiltekinn hátt, þ.e. samkvæmt skilmálum skuldabréfs og fyrirmælum laga, sbr. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 21/1992 og 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011, sbr. áður 5. gr. reglugerðar nr. 602/1997.

Stefnandi byggir á því að hann hafi verulega hagsmuni af því að fá fyrningunni slitið vegna eðlis námslána sem samfélagslegs úrræðis, vegna mikil vægis endurgreiðslu lánanna fyrir fjármögnun nýrra útlána og jafnræðis sem aðrir lánþegar og eftir atvikum sjálfskuldarábyrgðaraðilar verði að njóta. Á stefnanda

hvíli sú skylda samkvæmt 11. gr. laga nr. 37/1993 að koma eins fram við alla lánþega sína og gæta fyllsta jafnræðis meðal þeirra. Verði látið viðgangast að kröfur lítills hóps lánþega námslána fyrnist á tveimur árum, meðan gætt sé að því að innheimta kröfur gegn öðrum skuldurum á miklu lengri tíma sé þeim síðarnefndu mis munað á ólögmetan hátt.

Stefnandi hafi sérstaka hagsmuni af því að fá fyrningunni slitið. Líta verði til þess að lán stefnanda eru veitt á afar hagstæðum kjörum, niðurgreidd af almannafé, og greiðslubyrði þeirra miðast að mestu við tekjur hvers greiðanda. Námslán séu endurgreidd á löngum tíma, jafnvel mörgum áratugum, allt eftir greiðslugetu hvers lánþega. Líta verði til þessa þegar metnar eru líkur á því að námslánaskuldin verði endurgreidd.

Í 6. mgr. 8. gr. laga nr. 21/1992 sé lögbundin heimild fyrir stefnanda að veita lánþega námsláns undanþágu frá árlegri endurgreiðslu að hluta eða að öllu leyti, verði skyndilegar og verulegar breytingar á högum skuldara, svo sem vegna veikinda eða slysa, sem skerði ráðstöfunarfé hans eða möguleika á því að afla tekna. Stefnanda sé jafnframt heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagserfiðleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Á því er byggt að samkvæmt verklagsreglum stefnanda sé öllum greiðendum heimilt að koma námslánum sínum í skil, einnig þótt krafan hafi verið gjaldfelld.

Eftirleiðis greiðist afborganir af námsláninu samkvæmt fyrirmælum 8. gr. laga nr. 21/1992, og samkvæmt skilmálum skuldabréfs stefnda vegna námslána. Greiðslubyrði námslána stefnda verði aldrei hærri en 3,75% af tekjustofni hans, en annars rétt rúmar tíu þúsund kr. á mánuði á ársvísu, sé tekið mið af fastri árlegri afborgun af námsláninu.

Stefnandi byggir á því að ætla verði að stefndi geti greitt skuld sína eftir slit fyrningar vegna aukins aflahæfis á grundvelli þeirrar menntunar sem hann hafi aflað sér. Í skaðabótarétti sé viðurkennt að við útreikning á töpuðum framtíðartekjum verði aflahæfi metið út frá því hvort tjónþoli hafi lokið námi sem hann hefur lagt stund á. Tjón á aflahæfi sé þá metið á grundvelli starfsréttinda hafi námi verið lokið á slysdegi. Á því er byggt að sömu sjónarmið verði lögð til grundvallar hér og aflahæfi og greiðslugeta stefnda verði metin á grundvelli mögulegra tekna á því fagsviði sem hann hefur menntað sig til.

Verði stefndi fyrir alvarlegum áföllum geti hann óskað eftir því við stjórn stefnanda að honum verði veitt undanþága frá afborgun árlegrar endurgreiðslu á námsláni sínu, að hluta eða að öllu leyti, sbr. 6. mgr. 8. gr. laga nr. 21/1992 sem fyrr greinir.

Allt framangreint sýni að líkur megi telja til að fullnusta fái á kröfu stefnanda á nýjum fyrningartíma. Skrá yfir kröfur í þrotabú stefnda styðji málsástæðu stefnanda um framtíðargreiðsluhæfi stefnda.

Af lögskýringargögnum verði ráðið að dómstólum sé eftirlátið að meta hvenær sérstakir hagsmunir kröfuhafa séu fyrir hendi svo viðurkenna megi slit fyrningar. Í lögskýringargögnum sé nefnt í dæmaskyni að geti niðurfelling talist óhæfi leg gagnvart öðrum skuldurum eða samfélaginu sjálfu teljist hagsmunir kröfuhafa sérstakir. Stefnandi telur hvort tveggja eiga við í tilviki stefnda, samfélagið verði fyrir tjóni ef námslán, sem er hugsað til langs tíma og veitt á samfélagslegum forsendum, fynnist hjá afmörkuðum hópi skuldara á tveimur árum, meðan aðrir greiðendur námslána séu bundnir greiðsluskyldu áratugum saman.

Stefndi búi að sérmenntun sinni í byggingafræði alla ævi. Engin sanngirniskök mæli með því að skuld hans verði markaður skemmri fyrningartími en annarra sem tekið hafa félagsleg lán á niðurgreiddum kjörum hjá stefnanda.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi til meginreglu kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga. Hann vísar til laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., laga nr. 33/2013, um neytendalán, laga nr. 121/1994, um neytendalán (brottfallin), og 11. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Hann vísar jafnframt til reglugerðar nr. 478/2011, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum og reglugerðar nr. 602/1997 (brottfallin). Um varnarþing vísast til ákvæða í skuldabréfinu sjálfu og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur og honum því nauðsynlegt að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmælir öllum kröfum og málsástæðum stefnanda og vísar einkum til eftirfarandi sjónarmiða.

1. Ákvæði 165. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Stefndi bendir á að með lögum nr. 142/2010 var gerð breyting á 165. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og bætt við tveimur nýjum málsgreinum. Nú gildi tveggja ára fyrningarfrestur um allar kröfur á hendur þrotamönnum frá skiptalokum í stað hinna almennu fyrningarfresta, sem gildi samkvæmt lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, þ.e. fjögur, tíu eða tuttugu ár. Að auki sé ekki unnt að rjúfa fyrningu tveggja ára fyrningarfrestsins nema dómsmál sé höfðað

innan fyrningarfrests til viðurkenningar á fyrningarslitum. Slíka viðurkenningu skuli því aðeins veita með dómi að lánardrottinn sýni fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta aftur fyrningu svo og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma.

Í greinargerð með frumvarpi til laganna sé tekið fram í athugasemdum við ákvæðið að tilgangur þess sé að auðvelda einstaklingum, sem hafa verið teknir til gjaldþrotaskipta en bera áfram ábyrgð á skuldum sem ekki hafa fengist greiddar við gjaldþrotaskiptin, að koma fjármálum sínum á réttan kjöl. Eins og fyrr greini verði tveggja ára fyrningarfresturinn aðeins rofinn með því að lánardrottinn höfði mál innan hans gegn þrotamanni. Til þess að fá slíkan dóm þurfi lánardrottinn að sýna fram á að hann hafi *sérstaka hagsmuni* af því að slíta fyrningu og að líkur megi teljast á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma. Í greinargerð inni segir um þetta:

Pegar rætt er hér um sérstaka hagsmuni lánardrottins er horft til þess af hvaða röt kröfunar eru runnar og höfð í huga tilvik eins og krafa á hendur þrotamanni sem til hefur orðið með saknæmri eða ámælisverðri háttsemi hans. Hér er að sjálfsögðu ekki um tæmandi talningu að ræða en til þess ber að líta að hér er gert ráð fyrir að um undantekningartilfelli verði að ræða og þrönga túlkun á heimildinni.

Samkvæmt þessu beri að beita mjög þröngri túlkun á heimild ákvæðisins og eingöngu í algjörum undantekningartilfellum.

2. Skilyrði 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 eru ekki uppfyllt

Stefndi byggir á því að skilyrði 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 fyrir því að rjúfa fyrningu kröfu stefnanda séu ekki uppfyllt. Túlka beri afar þröngt skilyrðin um sérstaka hagsmuni kröfuhafa og að líkur séu á að fá fullnustu kröfunnar á nýjum tveggja ára fyrningartíma.

a) Krafa stefnanda varð ekki til sökum saknæmrar eða ámælisverðrar háttsemi stefnda

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 142/2010 komi fram þau efnisatriði sem löggjafinn telur að skuli vera leiðandi við mat á skilyrðum laganna, þ.e. að fyrst og fremst sé um að ræða kröfur sem rekja megi til háttsemi sem telja megi saknæma eða ámælisverða. Krafa stefnanda byggist á skuldabréfi með skilgreindum greiðsluskilmálum og tryggingum. Bréfið hafi verið tryggt með sjálfskuldarábyrgð en stefnandi óskað eftir því á sínum tíma að stefndi legði fram ábyrgð, sem sjóðurinn teldi viðunandi, þar með talda sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu námsláns, auk vaxta og verðtryggingar, sbr. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem og úthlutunarreglur sjóðsins.

Bú ábyrgðarmanns skuldabréfsins hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 25. mars 2013. Stefnandi geti hins vegar ekki borið ábyrgð á því að þær tryggingar brugðust sem hinn opinberi lánasjóður mat traustar. Stefnandi hafi sjálfur kosið að veita lánið gegn tryggingu sem hann mat gilda. Þar eð krafa stefnanda hafi samkvæmt þessu ekki orðið til sökum saknæmrar eða ámælisverðrar háttsemi stefnda ber þá þegar að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

b) Stefnandi hefur ekki sýnt fram á „sérstaka hagsmuni“ umfram aðra lánardrottna

Þá hafi stefnandi, hvað sem öðru líður, ekki sýnt fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af lengingu fyrningarfrests á kröfu sinni umfram aðra lánar drottna. Stefnandi sé vissulega opinber lánasjóður sem sé ætlað að tryggja þeim sem falla undir lög nr. 21/1992 tækifæri til náms án tillits til efnahags en lán úr sjóðnum séu veitt gegn tryggingum, sem hann metur traustar. Að öðrum kosti séu lán ekki veitt.

Í 1. mgr. 3. gr. laganna segi að miða skuli við að lán sem falla undir ákvæði laganna nægi hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur að teknu tilliti til fjölskyldustærðar hans. Samkvæmt 5. mgr. 6. gr. laganna eins og hún hljóðaði fram að því að henni var breytt með 1. gr. laga nr. 78/2009 skyldu námsmenn, sem fengju lán úr sjóðnum, undirrita skuldabréf við lántöku og leggja fram yfirlýsingu að minnsta kosti eins manns um að hann tæki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu allt að tiltekinni hámarksfjárhæð. Þannig beri stefnanda að taka afstöðu og meta gildar tryggingar, sem boðnar eru fram, fyrir endurgreiðslu láns úr sjóðnum.

Staða stefnanda sé því ekki frábrugðin öðrum lánasjóðum sem veita tilteknum þjóðfélagshópum skilgreind lán og oft á hagstæðari eða betri kjörum en annars þjóðast en gegn tryggingum, sem metnar eru traustar. Hér megi t.d. nefna lánveitingar Bygðastofnunar, sem starfar samkvæmt lögum nr. 106/1999, sem og lífeyrissjóða, sem veita sjóðsfélögum lán. Fyrirgreind ákvæði gjaldþrotaskiptalaga og tilgangur þeirra næðu augljóslega ekki markmiði sínu, gætu slíkar lánastofnanir og sjóðir haldið kröfum sínum lifandi lengi eftir gjaldþrot. Minnt skal á í þessu sambandi að túlka ber heimild til fyrningarslita samkvæmt 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 mjög þröngt og henni megi eingöngu beita í algerum undantekningartilvikum.

Enn fremur þurfi að líta til hagsmuna aðila. Annars vegar sé eignalaus 63 ára einstaklingur, sem fari á eftirlaun innan fárra ára, og hins vegar opinber lánasjóður, sem orðið hafi fyrir því að tryggingar, sem hann mat sjálfur traustar, brugðust. Í ljósi tilgangs og markmiðs 3. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. sé augljóst að hagsmunir stefnda af því að krafa stefnanda falli niður og hann fái

tækifæri til að koma fjármálum sínum á réttan kjöl eftir gjaldþrot séu mun þungvægari en hagsmunir stefnanda.

c) Stefnandi hefur ekki sýnt fram á að líkur séu á fullnustu kröfu sinnar hjá stefnda

Stefnandi hafi heldur ekki sýnt fram á að líkur séu á fullnustu kröfunnar hjá stefnda. Þetta skilyrði beri að túlka þannig að stefnandi þurfi að sýna fram á að stefndi eigi eignir sem hægt sé að fullnusta til greiðslu kröfu stefnanda, þannig að krafan fái greidd að öllu leyti.

Óumdeilt sé að stefndi eigi engar eignir, hvorki lausafé né fasteignir, og eigi, eins og áður greini, einungis fáein ár eftir á almennum vinnumarkaði. Hann hafi því engin tæk á að greiða þessa kröfu, ekki frekar en þegar hann var úrskurðaður gjaldþrota. Stefnandi geti ekki vísað til framtíðaraflahæfis stefnda til stuðnings kröfum sínum, enda tilheyri það stefnda sjálfum en ekki stefnanda eða öðrum lánardrottnum hans. Þetta sé meginregla í íslenskum rétti, sbr. t.d. 45.-47. gr. laga nr. 90/1989, um aðför, þar sem bann er lagt við aðför í margvíslegum kröfum til framfærslu skuldara, svo sem ógreiddum launum, eftirlaunum, launum á uppsagnar fresti, örorkubótum, framfærslueyri, o.fl. Tilvísun til framtíðartekna stefnda sé því haldlaus.

3. Niðurlag

Stefndi telur að yrði fallist á túlkun stefnanda á 165. gr. laga nr. 21/1991 hafi enga þýðingu ákvæði þess um skemmri fyrningarfrest í kjölfar gjaldþrots í því skyni að auðvelda einstaklingum að koma undir sig fótum á ný. Yrði fallist á kröfu stefnanda myndi slíkt einungis leiða til þess að bú stefnda yrði tekið á ný til gjaldþrotaskipta. Málshöfðun stefnanda sé því algerlega þarflaus. Enn fremur myndi viðurkenningardómur um rof fyrningarinnar opna leið fyrir alla lánardrottna til að fylgja kröfum sínum eftir á hendur þrotamönnum endalaust, þvert gegn tilgangi greinds ákvæðis gjaldþrotaskiptalaga. Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda sérstaklega.

Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til 2. og 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, sbr. 1. gr. laga nr. 142/2010, einnig til laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, almennra meginreglna íslensks réttar um að framtíðaraflahæfi tilheyri skuldara sjálfum, sbr. t.d. 45.-47. gr. laga nr. 90/1989, um aðför og 3. mgr. 72. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993. Stefndi vísar og til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 24. gr., 1. og 2. mgr. 25. gr. og 80. gr. laganna, en krafa stefndu um málskostnað styðst við XXI. kafla síðastnefndra laga. Um virðisaukaskatt vísast til laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

Niðurstaða

Í þessu máli þarf stefnandi, Lánasjóður íslenskra námsmanna, að sýna fram á að hann uppfylli það skilyrði 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1992, um gjaldþrota skipti o.fl., sbr. lög nr. 142/2010, að hafa sérstaka hagsmuni af því að rofin sé fyrning þeirrar kröfu sem hann lýsti við gjaldþrotaskipti á búi stefnda en fékkst ekki greidd.

Til stuðnings því að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að rjúfa fyrningu kröfunnar vísar stefnandi annars vegar til hlutverks síns og eðlis þeirra lána sem hann veitir og hins vegar til skuldastöðu stefnda þegar hann óskaði gjaldþrotaskipta á búi sínu.

Skiptum á búi stefnda lauk 31. maí 2013. Stefna málsins var birt 22. maí 2015 og því var málið höfðað áður en tvö ár voru liðin frá skiptalokum og þar með innan nýja tveggja ára fyrningarfrestsins.

Stefnandi byggir, eins og áður segir, á því að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að rjúfa fyrningu kröfu sinnar á hendur stefnda á þeim grundvelli að þegar stefndi óskaði gjaldþrotaskipta, síðla árs 2012, hafi ekki hvílt á honum neinar aðrar skuldir en námslánið og því hafi það einungis verið til þess að losna undan endur greiðslu þess að stefndi óskaði skipta á búi sínu. Námslánið var þá í skilum og ekki skyldi greiða af því fyrr en 1. mars 2014, að liðnum greiðsluáðlögunartímanum. Að mati stefnanda er námslánið sem hann veitti stefnda því ekki orsök fjárhagsvanda hans.

Samkvæmt fram lögðum greiðsluáðlögunarsamningi átti stefndi í febrúar 2012 ógreitt fasteignaveðlán að fjárhæð 13.500.000 kr. og aðrar skuldir að fjárhæð ríflega 16.000.000 kr. Hann hafði einnig gengist í ábyrgð fyrir námslánnum barna sinna og annarra sem námu samanlagt á þessum tíma ríflega 13.500.000 kr. Utan við þetta stóð námslánið. Samkvæmt greiðsluáðlögunarsamningnum nam skuld stefnda við stefnanda í febrúar 2012, 1.020.000 kr.

Samkvæmt þessu var skuld stefnda við stefnanda aðeins lítill hluti þeirra skuldbindinga sem á honum hvíldu í upphafi og þar fyrir utan átti hann ekki að hefja endurgreiðslu námslánsins fyrr en í mars 2014 en á því ári höfðu tekjur hans hækkað verulega.

Stefndi rekur fjárhagsvanda sinn til þess að hann missti vinnu sína hjá A-bæ árið 2010. Hann fékk þá starf í Noregi en undi þar aðeins í sex mánuði. Þegar stefndi kom heim þáði hann atvinnuleysisbætur en fékk einnig tímabundin verkefni við pípulagnir, sem mun þó hafa verið óregluleg vinna. Í lýsingu málavaxta var

greint frá tekjum hans eftir að bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta og til dagsins í dag.

Eins og áður hefur komið fram átti stefndi, þegar hann óskaði gjaldþrotaskipta á búi sínu, ekki að skulda neinum nema stefnanda því í greiðsluáð lögunarsamningnum segir að allar samningsskuldir falli niður við samþykkt hans og fyrrverandi eiginkona hans yfirtók bæði eignina sem hann átti og fasteignalánið sem hvíldi á þeirri eign. Ekki tókst að varpa ljósi á það við aðalmeðferð málsins hvaða skuldir það voru sem stefndi gat ekki greitt af síðla árs 2012 og réttlættu að bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta.

Stefnandi lagði áherslu á það við aðalmeðferð að víða í lögskýringargögnum kæmi fram að gjaldþrotaskipti ættu að vera algert neyðarúrræði þegar allt annað hefði verið reynt en ekki dugað til. Stefnandi hefði ekki verið í slíkri neyð sem vísað sé til í lögskýringargögnum þegar hann óskaði skipta á búi sínu.

Engu að síður verður því ekki haggð að héraðsdómur tók bú stefnda til gjaldþrotaskipta 6. febrúar 2013. Því verður að ganga út frá því að stefndi hafi þá uppfyllt öll skilyrði laganna fyrir því að það yrði gert. Þar eð því hefur ekki verið hnekkð að hann hafi uppfyllt skilyrði 1. mgr. 64. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. þegar hann óskaði gjaldþrotaskipta á búi sínu verður ekki fall ist á að nokkuð það við gjaldþrotaskipti hans sé þess eðlis að stefnandi verði talinn hafa af þeim sökum sérstaka hagsmuni af því að rjúfa fyrningu kröfu sinnar. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að skuldir stefnda, aðrar en námslánið, stafi af öðru en því að halda heimili og framfleyta fjölskyldu.

Til grundvallar kröfu sinni um rof fyrningar vísar stefnandi þó sérstaklega til hlutverks síns, eðlis lána sinna og endurgreiðslukjara. Eins og farið var yfir í lýsingu málavaxta er stefnanda skylt að veita lán hverjum þeim sem stundar lánshæft nám. Slík lán eru veitt á mun hagstæðari kjörum en nokkur önnur lán. Þau eru niðurgreidd af ríkissjóði því þau bera einungis 1% vexti þótt þau lán, sem sjóðurinn tekur til þess að geta veitt námslánin, beri allt að 4-6% vexti.

Endurgreiðsla námslána hefst ekki fyrr en að liðnum tveimur árum frá náms lokum. Afborganir taka einvörðungu mið af tekjum lántaka, 3,75% af tekjum næst liðins árs, en ekki því hversu hátt lán hann tók.

Standi sérstaklega illa á hjá lánþega og hann uppfyllir skráð, hlutlæg skilyrði er stjórn sjóðsins skylt að veita honum undanþágu frá greiðslu afborgana og fresta afborgunum hans. Falli lánþegi frá er námslánið afskrifað burtséð frá því hversu hár höfuðstóll er þá enn ógreiddur. Lánið er samkvæmt öllu þessu ekki veitt á viðskiptalegum forsendum eða í gróðaskyni heldur er það félagslegt úrræði í þágu

almennings.

Um 53% af fjármögnun stefnanda byggjast á endurgreiðslu námslána og er honum því mikilvægt að innheimta þau með sem minnstum afföllum. Sjóðurinn þarf að greiða jafnt og þétt af þeim lánum sem hann tekur. Vegna margvíslegra heimilda lántaka til þess að fresta greiðslum, svo og þar eð endurgreiðsla ræðst af tekjum greiðanda, berast stefnanda endurgreiðslur námslána ekki jafnt og þétt heldur sveiflukennt.

Stefnandi hefur ekki nein úrræði til þess að mæta afföllum af endurgreiðslum því hann getur ekki og má ekki reikna mögulegt tap útlána inn í vaxtakjör sín eins og sá sem veitir lán á frjálsum markaði. Það sem ekki fæst greitt verður greitt af öllum almenningi, einnig öðrum sem hafa tekið námslán en ekki óskað gjaldþrotaskipta á búi sínu.

Stefnandi þarf jafnframt að gæta jafnræðis við innheimtu lána enda er hann bundinn bæði af jafnræðisreglu stjórnarsýsluréttar og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Honum er því skylt að láta reyna á innheimtu gagnvart öllum lánþegum.

Til þess má einnig líta að í lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga er lánnum stefnanda veitt sú sérstaða að þau falla ekki niður eins og lán frá öðrum lánveitendum, hvorki í heild né hluta, við gerð samnings um greiðslu aðlögun. Þvert á móti standa þau utan við slíkan samning eins og skattar og með lag. Hlé er gert á endurgreiðslu námslána þann árafjölda sem lánþeginn greiðir samkvæmt greiðsluaðlögunarsamningnum og á þeim tíma falla hvorki á þau vextir né vanskilagjöld. Að liðnum greiðsluaðlögunartíma hefst endurgreiðsla námslána á ný.

Stefnandi byggir mál sitt, eins og áður segir, á því að hann uppfylli skilyrði ákvæðis 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og hafi sérstaka hagsmuni af því að rjúfa fyrningu kröfu sinnar. Við aðalmeðferð vísaði hann til ákvæða stjórnarskrárinnar, sérstaklega 2. gr. um þrískiptingu ríkisvaldsins, 27. gr. um birtingu laga og 65. gr. um jafnræði en einkum og sér í lagi til 72. gr. um friðhelgi eignarréttar.

Stefnandi vísaði til þess að dómstóll geti ekki túlkað óljósa lagareglu þannig að hann setji lögbundin viðmið. Með því væri hann kominn inn á verksvið löggjafans, Alþingis, og bryti gegn reglunni um þrískiptingu ríkisvaldsins. Með því væri einnig brotið gegn þeirri reglu að almenningur eigi að geta lesið skýrar réttarreglur út úr texta laganna í stað þess að þær væru búnar til eftir hendinni í hverju máli sérstaklega. Enn fremur væri með því brotið gegn meginreglunni um jafnræði því erfitt sé að tryggja jafna stöðu allra fyrir lögunum þegar regla sé mótuð í einstökum dómsmálum.

Hann áréttaði einnig að með því að taka af kröfuhafa þann rétt hans að halda kröfu sinni lifandi væri eignarréttur hans skertur. Ekki hvað síst væri alvarlegt að þessi eignaskerðing hafi afturvirk áhrif því hún taki til krafna sem stofnuðust löngu áður en lög nr. 142/2010 voru sett.

Þótt stefnandi sjái ýmsa annmarka á ákvæðinu byggði hann ekki á því að víkja bæri því til hliðar fyrir þá sök að það væri andstætt stjórnarskrá, heldur lagði hann einkum áherslu á að nýta bæri efnisinntak 72. gr. stjórnarskrárinnar sem lög skýringargagn þegar hugtakið „sérstakir hagsmunir“ í 3. mgr. 165. gr. væri túlkað eða skýrt.

Það er afdráttarlaust markmið laga nr. 142/2010, sem breyttu 165. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., að losa gjaldþrota fólk undan sérhverri fjár hagslegri skuldbindingu sinni, með þeirri margnefndu undantekningu þó, að geti kröfuhafi sýnt fram á sérstaka hagsmuni skal dómstóll veita honum heimild til að halda á lífi kröfu sinni á hendur gjaldþrota manni.

Vissulega má fallast á það með stefnanda að lán hans njóti mikillar sérstöðu meðal lána og að þau hafi mikla samfélagslega þýðingu. Það er einnig vafalaust að hann verði fyrir miklu fjárhagslegu áfalli þegar hann fær ekki endurgreidd námslán þeirra greiðenda sem óska gjaldþrotaskipta á búi sínu og að hann sé að ýmsu leyti verr í stakk búinn en aðrir lánveitendur til að bregðast við því áfalli svo og að það áfall verði ekki lagt á herðar annarra en almennings.

Eignaskerðingin sem ákvæðið veldur er almenn því hún tekur til allra kröfu hafa. Hún mun þó vafalaust koma misjafnlega niður á lánveitendum. Þegar litið er til allra þeirra fjölmörgu en ólíku kröfuhafa sem hafa misst og munu missa spón úr aski sínum vegna gjaldþrotaskipta einstaklinga þykir þó ljóst að skerðingin muni bitna hlutfallslega miklu harðar á kröfuhöfum sem lána fáum eða eiga af öðrum sökum kröfu á hendur fáum en jafnvel hærri fjárhæðir hjá hverjum en stefnandi gerir. Hlutfallslega verst og ósanngjarnast mun hún þó væntanlega bitna á þeim einstaklingum, og hugsanlega lögaðilum, sem eiga einstaklingsbundnari og sérstæðari kröfu á hendur gjaldþrota manni en þeir sem lána stórum hópi.

Í þessum heildarsamanburði, þegar jafnframt er horft til þess markmiðs lög gjafans að losa fólk undan skuldum sínum, verður ekki talið, þrátt fyrir sérstöðu stefnanda sem lánastofnunar og þrátt fyrir sérstakt eðli þeirra lána sem hann veitir, að þessi skerðing bitni svo einstaklega hart á honum umfram aðra sem lána jafnfjölmennum hópi að hann verði talinn hafa sérstakra hagsmuna að gæta í skilningi 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991. Af þessum sökum verður að hafna kröfu stefnanda.

Þar eð því hefur verið hafnað að stefnandi hafi sýnt fram á sérstaka hagsmuni sína af því að rjúfa fyrningu þeirrar kröfu sem hann lýsti við gjaldþrotaskipti á búi stefnda þarf ekki að taka afstöðu til þess hvort stefndi gæti greitt árlega 3,75% af tekjum sínum til að endurgreiða lánið.

Vegna þessarar niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað sem þykir, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, hæfilega ákveðinn 800.000 kr.

Ingiríður Lúðvíksdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Y, er sýkn af kröfu stefnanda, Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Stefnandi greiði stefnda 800.000 kr. í málskostnað.

Ingiríður Lúðvíksdóttir

Rétt endurrit staðfestir,
Héraðsdómi Reykjavíkur 5. júlí 2016